# Tómas Jónsson, bæjarritari

Bjarni Benediktsson – Tómas Jónsson, bæjarritari

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

**BARBIZON · PLAZA · HOTEL**
101 west 58th street . . . central park south . . new york

7/11. Komum hér árdegis og tók
Thor Thors á móti okkur við
skipshlið. Mun hafa komið
til New-York fyrst og fremst
okkar vegna.
Töluðum við hann strax þenna
dag kl. 2 og urðum þess
þegar varir, að hann hafði
haldið áfram tilraunum sínum
bæði með hitaveitu og Sogsvirkjun.
Skýrði hann okkur strax frá
því að hann hefði þegar
– alveg nýlega að vísu – fengið
í hendur Priorities fyrir
hvorutveggja. Sogsvirkjunarvélar
hefðu Priority A.1.c(-ivilian),
sem er hæsta P. sem hægt er
að fá fyrir vörum, öðrum
en til alveg beinna hernaðar-
þarfa. Hitaveituvörur hefðu
fengið P. A.2, sem er líka
mjög gott, með allra hæstu
Priorities sem veitt eru til

cable address "barbplaza" . . . . telephone CIrcle 7-7000

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

annað en beint til hernaðarins.
Thor virðist mjög ánægður með þessi leyfi bæði tvö- og geiði þegar í stað ráðstafanir til þess að selja okkur í sambönd við framleiðenda-firmun, arrangeraði stefnumótum næstk. mánudag 10/11. – og verður sjálfur með. Fer þá um tvöleitið til Wash. og verður næstu viku meira og minna upptekinn við ýmis formalitet vegna nýju stöðunnar. Er fluttur þangað fyrir alllöngu síðan.
Viðskiptanefndin kemur frá Wash. í dag og var ákveðið að taka við hana fljótlega.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BARBIZON · PLAZA · HOTEL**

101 west 58th street · · · central park south · · new york

8/11. Hittum viðskiptanefndina kl. 5.
Hún staðfesti strax, það sem
okkur hafði skilist á Thor
í gær, að nefndin hefði lítil
bein afskifti haft af okkar
málum. Hefði þó efnislega
skýrt frá því, að þessar óskir
mundu koma fram, bæði
um hitaveitu- og sogsvörur
og bjóst nefndin við því að
Priorities mundu fást, þegar
þeir legðu nákvæma skil-
greiningar á því hvað þyrfti.
Aðalniðurstaðan af viðtalinu sú,
að nefndin hefði talið mál-
unum best borgið í höndum
Thors áfram.
9/11. Borðuðum með nefndinni og
barst í tal á milli okkar Ásg.
að Thor hefði þegar fengið
A 2 Priority á hitaveitunni.
Ásg. hélt það væri ekki á
öllu efninu. Yfirleitt yrði

cable address "barbplaza" . . . . telephone CIrcle 7-7000

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki um betri Priorités að ræða
til Íslands en A.B. Sagði hann
að það mætti e. t. v. þykja gott.
Enn vitum við ekki hvaða
þýðingu þessi flokkun hefir,
umfram það sem ráða
má af ráðinu eftir venjul.
reglum: Því hærra Priority
þeim mun meiri líkur til
þess að fá afgreiðslu.

Annars skildist okkur að dýr-
tíð aukist mjög með miklum og
óvæntum breytingum. Stjórn-
arvöldin draga alltaf meira og
meira undir vopnaframleiðsluna

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10/11. (Mánudagur) Í lunch hjá Thors með 2 United Steel-mönnum. Þeir ánægðir með Priority A 2 fyrir hitaveituvörum, en telja nauðsynlegt að semja strax og þeir eru tilbúnir að gefa tilboð. Telja hættu á að annars komi aðrir í skarðið, svo að framleiðsla á vörunum dragist. Thors styður þessa skoðun eindregið. Segir [illegible] að kaupa - og kaupa sem fljótast. United Steel lofa að gefa nýtt tilboð um sölu á pípum svipuðum þeim, sem framleiddar ~~voru~~ áður fyrir hitav. (lík framleiðsluaðferð) þar sem verkfr. vilja eindregið að kaupa þær pípur sem



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

U.S. hefði áður gert tilboð um.

U.S. hafa sjálfir pípurnar, steypustyrktarjárn, cement en Thors álítur sjálfsagt að fá önnur tilboð í þau um U.S. líka. Fá tilboð um, auk á einum stað.

Það gerir málið einfaldara e.t.v. eitthvað lítilsháttar dýrara, segir hann, en ekki svo mjög að annað svari kostnaði. Einnig nokkur líkur til að fá afgreiðslu í einu lagi hjá stóru firma, sem væntanl. á líka, eða vörum því þeim sundri firmum mörgum, sem annars yrði leitað til.

Á morgun verður talað við U.S. um dælistöðina, — og eitthvert firma, sem þeir kalla til.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BARBIZON·PLAZA·HOTEL

101 west 58th street . . . central park south . . new york

10/11. (Mánudagur) Stgr. talaði við General Electric og Westinghouse. Kom í ljós að báðir höfðu misskilið eitthvað teikningar, sem leiddi til þess, að þeir töldu ekki hægt að installera stærri vjelasamstæðu í núverandi byggingunni en 6250 ka. Stgr. lagði höfuðáherslu á stærri samstæðu, helst ca 9000 kw og eftir töluvert ítarlegar viðræður lofar túrbínumaður G.E. að projectera eina stóra samstæðu og hann telur frekast fært. Bjóst Stgr. við að það mundi ekki verða mikið undir 9000 ka. - eftir að verkfr. hefir athugað allar aðstæður með þeim skýringum sem honum voru gefnar.

cable address "barbplaza" . . . . telephone CIrcle 7-7000

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lofar að hafa project og tilboð til eftir ca. 3 vikur, tel um það þó erfitt á svo stuttum tíma.
Westinghouse-menn voru aftur á móti tregari til að gera breytingar, nema þá að projectera nýja samstæðu ca. 12000 ha. í nýrri byggingu, fyrirhugaðri framh. af stöðvarhúsinu.

Eftir upplýsingum G.E. verða aflvjelarnar ekki mikið dýrari þó 9000 ha stöð verði ofaná, heldur en 6250 ha., en heildarkostnaður allur verður meiri vegna stærri transformatora þó líklegt einingarverð pr. ha. lægra með stærri samstæðunni.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4/2. 1942

Kæri borgarstjóri!

Síðast er ég settist niður til þess að skrifa þjer þótti mjer það varla taka því — ég yrði kominn heim jafnsnemma brjefinu, eða því um bil fannst mjer.

Nú dregst það enn, að við Valgeir komum og eru ástæðurnar þær fyrst og fremst, að enn þá höfum við ekki getað gengið til fulls frá öllum pöntunum. Fyrst í gær fengum við endanlega quotation frá General Electric um rafmagnshluta pumpustöðvarinnar — og það verður ekki fyr en annað kvöld, eftir að Brúarfoss er farinn, að gengið verður frá samningum við firmað. Auk þess þarf að panta ýmisl. smávegis



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

enn, ekki mikið að verðmæti; en
þó nauðsynlega hluti; segir verkfr.-
hangvað tekur með sér yfirlit um
pantanirnar sem ég hefi gert, eftir
pöntunarbréfunum og öðrum upplýs-
ingum sem frá hent. eru. Yfir-
litið sýnir að efnivörur til hita-
veitunnar kosta rúml. 530 þús. dollari.
Er það töluvert minni upphæð en við
sömdum um, fyrst í desbr., að
við hjeldum að vörurnar mundu
kosta hjer. Mestu munar á pumpu-
stöðinni. Pumpurnar með mótorum
og rafmagnshlutunum verða um
24 þús. doll. ódýrari en skv. til-
boðum í vor — og reyndar fyrsta
tilboðum sem við fengum í haust —
fyrir jafn mikil afköst. Þetta
er aðalárangurinn af ~~dvöl~~ verkfr.
hjer — með mjög góðri stoð Grettis
Eggertssonar — ef reikna skal árangur
í dollurum, en auk þess hafa



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeir komist verði töluvert minni á
öðrum sviðum - eins og ég hefi sagt
þér áður.

Til þess að byrja hitaveituvinn-
unni þarf ýmiskonar verkfæri.
Þegar við sömdum áætlun um
3.8 millj. reiknuðum við með ca.
100 þús. til verkfærakaupa. Það
reyndist heldur lágt. Þegar ákveðin
kaup fyrir ca. 22 þús. dollara og
e.t.v. þarf meira. Þessar vörur
eru pantaðar í nafni bæjarins,
en að sjálfsögðu eru Höjgaard &
Schultz reiðubúnir að ganga inn
í kaupin ef þess er óskað - og
þá eiga að klára verkið heima.
Töluvert af þessum áhöldum er
þýðingarlaust nothæft, eftir að hita-
veituvinnunni lýkur, að mér hefir
skilist.

Jarðsímann á milli Reykjavíkur
& Reykja tekur Valgeir sjálfsagt



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að Kampa hafi fengið tilboðsverð, sem
er ca. 12000 doll. á móti ca. 57 þús.
dkr. á tilsvarandi þráði í Kbh.
Heildsal samþykkti að þessi kaup
skiptist á milli bæjarins og Lands-
símans á sama grundvelli. Var
kaupin á þræðinum í Kbh. og samþ.
að sá þráður sé þar hafi sameiginl.
ábyrgð bæjarins og símans, í réttu
hlutfalli við þátttöku í kaupunum
þ.e.a.s. ef um ábyrgð verður
að ræða af okkar hálfu.

Við höfðum ekki reiknað með
þessum símakaupum í áætluninni
primo desbr., en það er sameiginl.
álit allra verkfr. hér, að óhjákvæmi-
legt muni vera að festa kaup
á símaþræði eins og nú standa
sakir.

Heildarniðurstaðan er þá sú, að
þegar ekki er tekið tillit til símans,
þá áætlum við ~~[illegible]~~ í desbr.byrjun



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

öll kaup ca. 3.8 milj., þar af verkfærakaup ca. 0.1 milj. Efnis-kaupin því ca. 3.7, en verða ca. 3.5 milj. — Margar tölur voru hreinar áætlanir – reyndar ókleift með hliðsjón af tilboðum frá st. vori – eftir að við þóttumst vissir um að bezt mundi vera að fá hin sæmilega notkhæfar vörur, en áður en við fengum endanlegar quotationir. Enn þá vitum við ekki til þess, að við höfum ekki einmitt gert rétt í því að biðja um umboðið þegar það var gert og byrja að kaupa. Á það einkum við um steypustyrktarjárnið – og jafnvel pípurnar – sumar víddir.

Ég hefi sagt þér áður, að við þurfum betra priority rating til þess að geta fengið sumar teg. af steypujárninu, teg. sem <u>vandm.</u> að fá. Þetta er hvenfannt. hlut. allra



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

efnivörunum til hitaveitunnar, hvort sem tekið er magn eða verðmæti, og Thors segir alltaf að við ættum vera öruggir um að nauðsynlegt priority fáist. (Ekki er það þó fengið enn. Það má líka vera, að Gen. Electric þurfi betra priority, til þess að geta afgreitt á tilsettum tíma, suma þá hluti sem þeir selja (transformers). Í fyrradag vissu þeir það ekki fyrir víst. Thor hefir beðið mig að gera mishlitaáhlaup í Washington, þar til vitað er með vissu um öll kaupin — og hann hefir alltaf sagt að við mundum fá hærri priority fyrir því sem við þurfum — og m.a. í þá transf. höfum við keypt. Ég hefi áður sagt þér að verkfr. hafa keypt tölvert af vírnetum (Wire mesh) í stað steypujárns, vegna þess að netin var hægt að fá með okkar



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BARBIZON · PLAZA HOTEL** VII
101 west 58th street · · · central park south · · · new york

okkar priority rating - og með góðu verði - en hinsvegar eru næstu erfiðleikar með járnið. Á þennan hátt hefir verið dregið mjög mikið úr nauðsyn þess að kvabba um betra priority og þykir okkur sennilegt, að það verði okkur til góðs í Washington. -

Auk þess sem eftir er að ganga frá nokkrum pöntunum - með tilheyrandi bankacredit - þá eigum við eftir að gefa stjórninni í Washington nákvæmar skýrslur um nokkur priority's okkar, sömuleiðis sendiherra eða konsúlati hér - svo og forwarding agent - skýrslur um allar pantanir. Ennfr. er æskilegt að Valgeir gefist kostur á að sjá eitthvað hvernig framleiðsla ýmissa vörutegundanna fer af stað, hvort verið sje að búa til þær vörur sem óskað var eftir.

Af þessum sökum höfum við

cable address "barbplaza" . . . . . telephone CIrcle 7-7000

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ákveðið að bíða eftir Dettifossi. Vonum að geta forsvarað að koma þá heim.

Vörurnar eru keyptar f.a.s. New York eða f.o.b. milli með frakt til New York, sem er í realitet það sama, nema hvað ábyrgð [illegible] á leiðinni frá verkum. til New York. Þessvegna höfum við símað um að vátryggja þurfi vörurnar frá verkum, sem okkur er sagt að sé hér algengast – og án aukagjalds, nema vörur liggi lengur en ca. 1/2 mánuð á hafnar-bakka eða í járnbrautargeymslu við höfn. Þá þarf að tryggja sérstakt, en einfaldast að sú trygging sé tekin á sömu pólicu. Við göngum út frá því að báðum semji við Sjóvá (þennan er X.I. C.D.T.) um allar tryggingar og okkur er sagt að þá sé langt einfaldast að láta


Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sama vátryggjanda taka alla ábyrgð
frá verksm. til Reykjavíkur – með eventuel.
bið í New York, að því er snertir ein-
hvern hluta varanna, væntanl. ekki
mikinn hluta um lengri tíma.
Höfum reynt að stilla svo til að
sem mest komi til New York um
miðjan maí, en hinsvegar er talið
sjálfsagt að taka á móti vörum
þó firmun vilji losna við þær fyr,
til þess að fá vörurnar. Ég vona
að þetta spursmál verði forsvaranlega
leyst áður en við förum hjeðan – og
áður en þú færð þetta brjef.
– Um greiðsluskilmála er það að segja,
sem þið vitið, að National City Bank
of New York setur bankatryggingu gegn-
vart seljendum og greiðir þeim
gegn faktúrum og nauðsynlegum af-
greiðsluplöggum (Dock receipt, Rail-
road Bill of Lading, Certificate of



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Manufacture etc.). Er þá ætlast til að
bærinn hafi greitt bankanum áður
allt andvirðið. 25% depositum bæjar-
ins, eða landsbankans, á að vera til
greiðslu á síðustu 25% af samanlögðu
kaupverði þeirra vara sem greiðsla
var ábyrgðst fyrir. Vegna þess hve
erfiðlega gengur að síma – og einnig
vegna símakostnaðar – ~~þótt~~ okkur
hagkvæmlegast að bærinn reyndi að
yfirfæra vissar upphæðir á conto
hjá National City Bank, sem
bankinn gæti gengið að, jöfnum
höndum eftir því sem seljendur
sýndu tilskilin skilríki. Okkur
skilst að enn séu erfiðleikar með
yfirfærslur og ef þessu útfært verður
ekki útkljáð, þá verðum að síma
beiðni greiðslu eftir því sem
bankinn kallar. Fyrir því er að
vísu gert ráð fyrir í samningum



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við bankann, en það verður dýrara
og hætt við að greiðslur komi ekki
nógu tímanlega til þess að bærinn
komist ekki í vanskil við bankann.
Við vildum reyna að afstýra því,
m.a. með tilliti til síðari tíma við-
skifta.
Í dag höfum við beðið um
1000 doll. yfirfærslu til konsúlatsins
hjer til greiðslu á ýmsum smá-
pöntunum (P. Smith, B+H Trading, Ol.
Johnson, Elding), sem ekki er sett
nein bankatrygging fyrir, en
greiða ber contant gegn faktúrum.
Þessi yfirfærsla er töluvert áríðandi.
Að því er sumar pantanir snertir,
F.t.v. þarf ekki að nota þessa upp-
hæð alla til vörugreiðslu, en það
er víst að töluverðan hluta hennar
þarf að nota til þess að greiða
„forwarding agent" og eitthvað fyrir
vörugeymslu hér við höfnina, eð



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í járnbrautarstöðinni. Um þann kostnað
er ekki unnt að segja. Til agentsins
fer allt eftir því hversu margar
afgreiðslur verða – og þær gleymdar
verða að sjálfsögðu að greiða
nokkuð eftir því hve lengi verður
gleymt og hve mikil brögð verða
að því að geyma þannig. Við höfum
verið að fantasera um að nefna
10 þús. dollara fyrir þetta hvorttveggja,
en líkur mæla þó með að það
verði nær 5 þús. Í öllu falli
er nauðsynlegt að hér séu hand-
bærir peningar til þess að greiða
slíka hluti. – Og kom okkur saman
um að konsúlatið mundi bezt
til þess fallið að hafa afgreiðslu
með höndum. Sendiráðið er svo
önnum kafið að á það er ekki
bætandi. Auk þess mun Agnar hafa
samband við Thor, ef um [illegible]



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BARBIZON · PLAZA HOTEL** XIII

**101 west 58th street . . . central park south . . . new york**

vafaatriði yrði at ræða.

Þetta er það helsta sem okkur finnst við varla at segja þér í þetta sinn. Langvad getur supplerað þar sem þurfa þykir, en hann hefir þó lítið viljað skifta sér af fjármálunum, talið nauðsynlegra og sér skyldara að halda sig at tekniktinni.

Um okkur er það helst at segja at hér er orðið dapleitinlegt, hugurinn allur heima fyrir löngu síðan.

Valgeir er tölvert skárri í augunum síðustu dagana, hvort sem þar er um at ræða eðlilegan og venjulegan eftirbata eftir vond kröt, eða at meðal sem hann hefir fengið hér, hjálpar. Stgr. fer á morgun til Chicago og verður opereraður þar. Það ~~má~~ víst ekki seinna vænta. Hann hefir annars sýnt þér nú öll sín resultöt, sem eru e. a. góð, af framleiðsluhlutf. fast.

Bestu öllum kveðjur frá okkur

8 lifðu sem lengst á þessum stað. Þinn [illegible]

**cable address "barbplaza" . . . . . . telephone CIrcle 7-7000**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

New-York 22/1. '42

Kæri borgarstjóri:

Við höfðum lengi hugsað okkur að komast heim með Goðafossi þessa ferð, en úr því gat ekki orðið. Það var ótal hlutir eftir, sem ganga varð frá áður en við förum hjeðan. Enn er meira að segja ekki búið að ganga frá öllum pöntunum. Hefi undirritaður staðið í Gen. Electric að gefa nýtt verðtilboð í rafmagnshluta pumpustöðvanna eftir að samkomulag hafði orðið um að breyta nokkrum hlutum frá fyrra tilboði. Eru þær breytingar gerðar í sparnaðarskyni, með aðstoð Grettis Árnason Eggertssonar. 5000-6000 dollara sparnaður þar. Við reiknum því fastlega með að koma heim með Brúarfossi eða Fjallfossi. Tekur því ekki að senda nú nákvæma greinargerð um störfin hjer, þar sem við komum sjálfir svo fljótlega. Við munum skilja eftir hjá konsúlatinu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

etc. í Washington efirlit allra plagga sem máli skifta – ef illa skyldi fara.
Heildarniðurstaðan er sú, að við kaupum vörur sem eiga að nægja til þess að fullgera hitaveituna (bátar aðalleiðslur) fyrir ca. 3.5 milj. miðað við núverandi gengi. Heildarverðið vitum þetta lægra en við áætluðum í haust, þ.e.a.s. ef verðlag breytist ekki hjá U.S.S. Aðrir selja fyrir fast verð.
Yfirleitt þykjumst við hafa verið heppin með aðalfirmun sem við kaupum af og höfum fengið það staðfest frá ýmsum áttum. Á ég þar fyrst og fremst við firma sem selur okkur þennslustykki og þessháttar vörur fyrir alls um 90 þús. dollara. Hefir verkfr. frá því firma lagt mikla vinnu í að láta okkur fá vörur sem mest okkar hæfi – hvorki of góð nje of veikt – en nýir virðist einmitt að á mörgum stöðum hafi aðalerfiðleikarnir verið að fá rjetta gerð hlutanna fyrir hitaveituna. Segja verkfræðingarnir að þeim hafi orðið töluvert ágengt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í þeim efnum og víst er það, að þeir hafa lagt mikla vinnu fram til þess að fá sem næst því er þeir óskuðu eftir. T. d. hefir Langvad setið nótt eftir nótt við athuganir á teikningum af öllum brunnunum í bæjarkerfinu í því skyni að sjá hvað komast megi af með minnst af þeim fleinsluhstykkjum, sem ákveðið var að kaupa. Kvaðst hann hafa getað reduserað pöntunina um nokkur þús. dollara. Yfirleitt virðist mjer hann vinna að málinu af fullri einlægni. Jeg er einnig persónulega sannfærður um að þeir hafa alveg hreint mjel í pokanum, að því er provisions-spursmáli viðkemur. A. m. k. fara þeir vel með það mál, ef ég hefi ekki gjört þeim rangt.
En þó að búið sje að panta vörurnar og byrjað sje á framleiðslu þeirra að einhverju leyti, þá er ekki öllu náð. Fyrst og fremst er spurningin um afgreiðslu hjer. Menn eru yfirleitt pessimistiskir í því efni. Segja

margreynt að verksmiðjunum gangi afar erfið-
lega að standa við samninga um af-
greiðslu á gefnum tíma. Um þetta
atriði verður að skrifa að skápuðu.
Verksmiðjurnar hafa svo mikið að gera
að hver flýtist hólpinn sem fær
sig afgreiddan. Við fáum hér
„forwarding agent" sem á að sjá
um sendingu varanna heim, þ.e.a.
s. útbúa alla pappíra og ráð-
stafa vörunum um borð í skip. Hann
á að reyna eitthvað að hafa auga
með því að verksmiðjurnar afgreiði
á gefnum tíma. Auk þess munu
þeir Agnar og Thor gera það sem
þeir geta til að rekka á eftir.
Kemur mönnum saman um, að þetta
geti orðið tölvert job.
Og svo er flutningurinn yfir hafið.
Við höfum símað þér að taka upp
samninga heima við Eimskip um
alla flutningana, Jón Guðbrandsson
vísaði okkur þá leið. Ef allt fer
skaplega fram, verða tilbúin til
heimflutnings héðan frá New-York

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III

ca. 3000 tonn síðari hluta marsmánaðar
1000 tonn cement, 1100 tonn pípur auk
að 40 ft. langar, 400 tonn steypustyrktar-
járn og járnvörur og ca. 500 tonn
ýmisl. stykkjavörur, aðall. þennslustykki.
Verðum senn. að fá sérstakt leigu-
skip með þenna farm.
Svo verða 1300 tonn af pípum tilbúin
síðari hl. apríl. Aðrar vörur eftir
hendinni með „Fossunum".
Æskilegast sýnist vera, að sem mest
af vörunum komi ~~með~~ saman. Væri
það betra – auk þess fjárhagsl. hagstæð-
ara – að ef illa fer, þá fari sem
mest. Óskemmtilegt ef svo stæði á, að
hitaveitan væri nærri fullgerð, en vant-
aði eitthvað tiltölulega smávegis, sem
yrði til að tefja að starfræksla hæfist.
Annars þýðir ekkert að vera með slíkar
bollaleggingar. Það eitt er víst, að
heppni þarf með, ef vörurnar verða
náð heim í vor og sumar. Og
þá heppni verðum við að trúa á.
Við fengum þá þér skeytið um að
síma Højgaard, en kom saman um að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sína þjer beint það álit okkar, að
ekki sje rjett að selja fyr en vissa er
fengin fyrir vörunum hjeðan: Vörurnar komnar
til Ríkur. Það heyrist heldur ekki meira
um sölu á 15 kr. bomapípunum og
svo er vitað að Þjóðverjar kontrollera
alla prísa í Danmörku eins og sakir
standa. Liggur nokkuð á að selja? Mjer
finnst ekki. Athugandi að ef vörurnar
liggja fyrir reikning bæjarins, þá er
skuldin þó í orki. Vörurnar verða altaf
einhvers virði að stríðinu loknu, en
allt óvissara um krónuna. Mjer finnst
altaf þarna vera möguleiki sem gæti
aðrið til þess að fá úr sögunni allan
ágreining við Højgaard um ábyrgðina.
Spursmálið yrði ekki interessant. Þetta
getur þó verið einhver vitleysa hjá mjer.
Jæja góði borgarstjóri. Við komum
þá eftir viku og þá getum við rakið
úr okkur garnirnar.

Bestu kveðjur

þinn einl.

[illegible]